

EFTIRLITSSKÝRSLA

Sorpurðun Vesturlands Fíflholt



Dags eftirlits	9.6.2016	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Kristjánsdóttir
Fyrirtæki	Sorpurðun Vesturlands	Eftirlitsmaður	Sverrir Aðalsteinn Jónsson
Heimili	Bjarnarbraut 8	Tegund eftirlits	Reglubundið fyrra eftirlit
Kennitala	5306972829	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Hrefna Jónsdóttir	ÍSAT nr.	38.21.0
Fulltrúi fyrirtækis	Stefán Gíslason	Staðsetning	349951,516 469714,37

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Alls voru skráð tvö frávik og tvær athugasemdir gerðar. Frávik snúa að því að sigvatn er ekki leitt með beinum hætti í Norðlæk heldur er því veitt í mýrina fyrir neðan og að veiðarfæraúrgangur og kör merkt hættulegum efnum séu geymd við enda urðunarreinar 4.

Athugasemdir snúa að verklagi við móttöku úrgangs og plastrusli sem sýnilegt er í töluverðu magni í skurðum og lægðum við staðinn.

UMFANG EFTIRLITS

Umfang eftirlits var eftirfarandi:

Rekstur ársins 2015, niðurstöður eftirlits og mælinga, skráningar og skýrslugjöf

Móttaka úrgangs sbr. grein 4.1 og spilliefni sbr. grein 4.2

Hauggasmælingar - staða úrbótaáætlunar

Hreinsivirki fyrir sigvatn - staða mála

Skoðun á urðunarstaðnum.

Samtals voru urðuð 11.225 tonn af úrgangi á árinu 2015 sem er svipað magn og undanfarin ár. Umhverfisstofnun hefur mótttekið upplýsingar um magn úrgangs, grænt bókhald og skráningu umhverfispátta fyrir árið 2015.

Engin hreinsun utan olíuskilju er á sigvatni frá rein 4. Niðurstöður mælinga á sigvatni fyrir og eftir skiljunna gefa til kynna að engin eiginleg hreinsun fari fram. Sigvatn er leitt í sigvatnsskurð. Skv. starfsleyfi er heimilt að nota sigvatnsskurð milli urðunarstaðarins og norðlækjar sem þynningarsvæði. Sigvatnsskurðurinn nær þó ekki alla leið út í norðlæk, eins og starfsleyfið gerir ráð fyrir, heldur endar sigvatnið í mýrinni og seytlar þar í gegnum mýrina og út í viðtakann.

Ekki er að merkja áhrif sigvatns á norðlæk m.v. niðurstöður úr sýnatökum gerðar ofan og neðan hugsanlegs innrennslis sigvatns. Ekki er þó einfalt að átta sig á innrennslis hugsanlegra mengunarefna frá urðunarstaðnum meðan ekki er sigvatnsskurður sem leiðir sigvatnið alla leið frá frárennslis og að Norðlæk.

Á fundinum var rætt um verklag við móttöku úrgangs og hvort eitthvað væri um að úrgangi væri hafnað t.d. ef spilliefni bærust. Rekstraraðili mundi ekki dæmi þess að einhverju væri hafnað og spilliefni kæmu ekki inn á staðinn.

Töluvert kemur inn af veiðarfærum úr gerviefnum og eru þau geymd í enda urðunarreinar 4. Skv. samningi við úrvinnslusjóð á Landssamband íslenskra útvegsmanna að annast úrvinnslu veiðarfæraúrgangs úr gerviefnum. Mikilvægt er að koma þessum veiðarfærum í réttan farveg og koma í veg fyrir uppsöfnun þeirra á urðunarstaðnum.

Við eftirlit mátti sjá nokkur spilliefnakör/bamba sem merkt voru með hættumerkingum. Voru þau staðsett við hlið veiðarfæra við enda á rein 4. Við athugun reyndist 3 vera tóm en einhver vökvi var í tveimur. Rekstraraðili var ekki viss um innihaldið þegar eftirlit fór fram. Körin voru merkt með hættumerkingunni ætandi. Hér er því hugsanlega um spilliefni að ræða. Mikilvægt er að koma upp verklagi til að koma í veg fyrir að spilliefni berist inn á staðinn og þau séu geymd með þessum hætti enda hefur staðurinn ekki heimild til að taka á móti spilliefnum.

Farið var yfir stöðu mála varðandi úrbætur vegna hauggasmála. Búið er að bora 4 holur og mæla tvisvar í þeim. Mælingar verða gerðar mánaðarlega til að fylgjast með gasmyndun.

Búið er að hanna hreinsivirki fyrir sigvatn frá rein 4 og munu framkvæmdir hefjast í sumar.

Við skoðun á urðunarstaðnum var mest áhersla lögð á eldri hluta staðarins en samhliða reglubundnu eftirliti fór fram lokunareftirlit. Gengið var inn í rein 4 og úrgangur sem þar er geymdur við enda reinarinnar skoðaður. Eins og kom fram hér að ofan er um að ræða töluvert magn veiðarfæra og nokkur kör/bambar undan hættulegum efnum. Þá var eitthvað um gúmmifærribönd og rör. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að halda vel til haga verklagsreglum við móttöku og skráningu úrgangs og minnt á að úrgangur sem ekki samræmist móttökuskilyrðum skuli hafnað.

Nokkuð var um plastrusl á víðavangi, sérstaklega í skurðum við svæðið. Um er að ræða plast sem farið hefur af stað í roki. Umhverfisstofnun telur að hér megi gera betur í hreinsun svæðisins. Þá kom fram við eftirliti að töluvert af plasti frá staðnum berist í mýrina fyrir neðan staðinn. Hugsanlega mætti koma að einhverju leyti fyrir slíkt fok með háum

þéttriðnum girðingum sunnan megin við staðinn.

Frávik frá

grein 3.3. um sigvatn þar sem kveðið er á um að sigvatn skuli leitt í Norðlæk.

Lýsing á fráviki

Sigvatn frá staðnum er leitt í gegnum fituskilju út í sigvatnsskurð. Sigvatnsskurðurinn endar í mýri og því er sigvatnið ekki leitt í Norðlæk eins og kveðið er á um í starfsleyfi. Þá er gert ráð fyrir sigvatnsskurði í úrskurði frá árinu 1997 um mat á umhverfisáhrifum á urðun sorps á Vesturlandi.

Ákv. 1.2 um umfang starfsemi þar sem fram kemur að óheimilt sé að geyma úrgang á urðunarstaðnum.

Töluvert magn hefur nú safnast upp af veiðarfæraúrgangi sem geymdur er við enda á rein 4. Þá eru þar nokkur kör/bambar sem innihaldið hafa hættuleg efni. Slíkur úrgangur flokkast sem spilliefni. Ofangreindum úrgangi þarf að koma í réttan farveg en geymsla hans í Fíflholtum er óheimil skv. starfsleyfi. Skv. upplýsingum frá rekstraraðila er nú unnið að því að koma ofangreindum úrgangi í réttan farveg.

ATHUGASEMDIR

Skerpa þarf á verklagsreglum um móttöku úrgangs. Skv. grein 4.1 skal við móttöku úrgangs fara fram sjónrænt mat eða fara fram á gögn til að sannreyna að hann uppfylli móttökuskilyrði fyrir þann úrgang sem heimilt er að urða sbr. grein 1.2 í starfsleyfinu. Ef úrgangurinn samræmist ekki móttökuskilyrðum er rekstraraðila heimilt að hafna móttöku hans. Slíkt sjónrænt mat og nákvæmari skráning við móttöku úrgangs gæti stuðlað að því að koma í veg fyrir að úrgangur safnist upp í geymslu á staðnum.

Hreinsa þarf betur plastrusl sem fokið hefur í skurði og lægðir á svæðinu.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 28.07.2016



Sigríður Kristjánsdóttir